

**Umboðsmaður skuldara**

**07 341**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Umboðsmaður skuldara**

**kt. 660710-1080**

**Hlíðarasmára 11, 201 Kópavogi**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umboðsmaður skuldara er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um umboðsmann skuldara nr. 100/2010.

Verkefni stofnunarinnar byggja á lögum um greiðsluaðlögun nr. 101/2010 og lögum nr. 9/2014 um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Einnig að gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á og veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar m.a. með milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi.

Starfsemin fellur undir málefnavið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 330,0 milljónir og afkoma kr. 8,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 17,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 84,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umboðsmanns skuldara fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Ásta S. Helgadóttir  
umboðsmaður skuldara

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	327.800.000	260.700.000
Seld þjónusta .....	3	240.666	0
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	0	18.430.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	1.978.408	1.243.732
<b>Tekjur samtals</b>		<b>330.019.074</b>	<b>280.373.732</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	5	5.200.000	10.700.000
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	208.337.487	192.254.901
Annar rekstrarkostnaður .....	7	105.915.617	68.650.513
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	1.978.408	1.243.732
<b>Gjöld samtals</b>		<b>321.431.512</b>	<b>272.849.146</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>8.587.562</b>	<b>7.524.586</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(16.212.438)	(5.775.414)
Rekstrartilfærslur .....		24.800.000	13.300.000
		<b>8.587.562</b>	<b>7.524.586</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....		977.427	2.751.755
Viðskiptakröfur .....		985.000	145.338
Tengdir aðilar .....	9	74.797.139	48.133.179
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	8.033.592	3.985.845
		<b>Eignir samtals</b>	
		<u>84.793.158</u>	<u>55.016.117</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	31.024.008	19.351.772
Viðskiptaskuldir .....		17.826.596	8.679.744
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	15.077.610	14.963.811
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	3.617.867	3.361.275
		<b>Skuldir samtals</b>	
		<u>67.546.081</u>	<u>46.356.602</u>
		<b>Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals</b>	
		17.247.077	8.659.515
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	13	17.247.077	8.659.515
		<b>Eigið fé samtals</b>	
		<u>17.247.077</u>	<u>8.659.515</u>
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	
		<u>84.793.158</u>	<u>55.016.117</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		8.587.562	7.524.586
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	1.978.408	1.243.732
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.978.408)	(1.243.732)
		<u>8.587.562</u>	<u>7.524.586</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(839.662)	168.599
Tengdir aðilar .....		(18.782.879)	(6.487.556)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		9.260.651	300.388
		<u>(10.361.890)</u>	<u>(6.018.569)</u>
		<u>(1.774.328)</u>	<u>1.506.017</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	10	(6.026.155)	(3.370.772)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		1.035.000	0
		<u>(4.991.155)</u>	<u>(3.370.772)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		3.791.155	2.270.772
Fjárfestingarframlag .....		1.200.000	1.100.000
		<u>4.991.155</u>	<u>3.370.772</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(1.774.328)	1.506.017
		<u>2.751.755</u>	<u>1.245.738</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u><u>977.427</u></u>	<u><u>2.751.755</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	297.800.000	30.000.000	1.200.000	329.000.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>297.800.000</b>	<b>30.000.000</b>	<b>1.200.000</b>	<b>329.000.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	(4.640.485)	13.300.000	(624.570)	8.034.945
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	<b>13.300.000</b>	<b>(13.300.000)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>306.459.515</b>	<b>30.000.000</b>	<b>575.430</b>	<b>337.034.945</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(314.012.438)	(5.200.000)	(4.991.155)	(324.203.593)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>(7.552.923)</b>	<b>24.800.000</b>	<b>(4.415.725)</b>	<b>12.831.352</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.



## Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

2023 2022

## 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	327.800.000	260.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.978.408	1.243.732
	<u>329.778.408</u>	<u>261.943.732</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	297.800.000	30.000.000	0	327.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>297.800.000</b>	<b>30.000.000</b>	<b>0</b>	<b>327.800.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(314.012.438)	(5.200.000)	0	(319.212.438)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(16.212.438)</b>	<b>24.800.000</b>	<b>0</b>	<b>8.587.562</b>

## 3 Seld þjónusta

Veitinga- og gistipjónusta .....	240.666	0
	<u>240.666</u>	<u>0</u>

## 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	0	18.430.000
	<u>0</u>	<u>18.430.000</u>

## 5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	5.200.000	10.700.000
	<u>5.200.000</u>	<u>10.700.000</u>

## 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	168.308.001	157.852.901
Orlof, breyting .....	108.337	(3.852.136)
Launatengd gjöld .....	38.599.630	36.231.400
Starfsmannakostnaður .....	1.321.519	2.022.736
	<u>208.337.487</u>	<u>192.254.901</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	13,7	12,8
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2023	2022
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	229.467	771.241
Tæki og búnaður til innréttinga .....	226.750	0
Ýmis tæki og áhöld .....	269.113	60.124
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	7.311	0
Orkugjafar .....	9.238	52.140
Matvæli .....	4.702.185	2.203.425
Almennar rekstrarvörur .....	184.902	245.395
Vörukaup, almenn	5.628.966	3.332.325
Kennslu- og fündurvörur .....	0	6.940
Vörukaup, sérgreind	0	6.940
Fundir, námskeið, risna .....	538.001	322.785
Akstur .....	107.208	19.844
Sérfræðiþjónusta .....	44.002.872	32.181.235
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	29.009	33.452
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	14.214.262	779.133
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.699.355	1.633.060
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	60.590.707	34.969.509
Samningsbundin kaup og leiga .....	0	160.648
Afnotagjöld .....	14.462.821	11.268.757
Leigugjöld .....	19.301.538	14.304.983
Verkkaup .....	4.542.192	2.729.633
Kostnaðarhlutdeild .....	1.389.393	1.877.718
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	39.695.944	30.341.739
Annar rekstrarkostnaður samtals	105.915.617	68.650.513
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	1.653.798	1.243.732
Söluþap og úreltar eignir .....	324.610	0
	1.978.408	1.243.732

## Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	74.797.139	48.133.179
	<u>74.797.139</u>	<u>48.133.179</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	31.024.008	19.351.772
	<u>31.024.008</u>	<u>19.351.772</u>

### 10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	8.033.592	3.985.845
	<u>8.033.592</u>	<u>3.985.845</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	21.532.470	21.532.470
Viðbætur á árinu .....	6.026.155	6.026.155
Selt/úrelt á árinu .....	(8.190.611)	(8.190.611)
	<u>19.368.014</u>	<u>19.368.014</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	17.546.625	17.546.625
Afskrift ársins .....	1.653.798	1.653.798
Selt/úrelt á árinu .....	(7.866.001)	(7.866.001)
	<u>11.334.422</u>	<u>11.334.422</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>8.033.592</u>	<u>8.033.592</u>

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	15.072.148	14.963.811
Önnur ógreidd gjöld .....	5.462	0
	<u>15.077.610</u>	<u>14.963.811</u>

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	8.033.592	3.985.845
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(4.415.725)	(624.570)
	<u>3.617.867</u>	<u>3.361.275</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	3.985.845	(624.570)	3.361.275
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.200.000	1.200.000
Áhrif seldra eigna .....	0	1.035.000	1.035.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	6.026.155	(6.026.155)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(1.978.408)	0	(1.978.408)
	<u>8.033.592</u>	<u>(4.415.725)</u>	<u>3.617.867</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	8.659.515	1.134.929
Afkoma ársins .....	8.587.562	7.524.586
Jöfnuður 31.12. ....	<u>17.247.077</u>	<u>8.659.515</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og einnig ýmsa aðra samninga s.s. þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 22,03 milljónum og vegna annara samninga kr. 20,45 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.